



Fundargerð

Fundur í Mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps,
fimmtudaginn 7. nóvember, kl. 17.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir, Ólafía Sigurvinsdóttir og Vilberg Þráinsson. Einnig sátu fundinn Anna Björg Ingadóttir skólastjóri, Svanborg Guðbjörnsdóttir fyrir hönd kennara, Íris Ósk Sigþórsdóttir hönd leikskóla, Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi og Auður Grétarsdóttir nýr fulltrúi fyrir hönd foreldra auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð. Auður boðin velkomin til starfa í nefndinni.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár. Óskað var eftir að taka liðinn „útleiga skólahúsnæðis“ á dagskrá undir önnur mál.

- 1. Námsvist í sveitarfélagi utan lögheimilis:** Sveitarstjóri gerði grein fyrir skólavist barna utan sveitarfélagsins.
- 2. Viðmiðunarreglur vegna leikskóladvalar barna utan lögheimilisveitarfélags:** Tekin fyrir að nýju umræða um viðmiðunarreglur um leikskóladvöl utan lögheimilisveitarfélags. Formaður lagði til að nefndin semji reglur um málið til að leggja fyrir á næsta fundi.
- 3. Fjárhagsáætlun 2020:** Farið yfir áætlunina. Fram komu ýmsar ábendingar.

4. Önnur mál:

- a) **Útleiga skólahúsnæðis.** Rætt um útleigu á húsnæði skólans. Lagt til reglurnar verði endurskoðaðar fyrir næsta ár.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.55

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
